

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir:

**Verkefni til notkunar við kennslu bókanna *Við Urðarbrunn*
og *Nornadóm* eftir Vilborgu Davíðsdóttur.**

Inngangur

Nemendur grunn- og framhaldsskóla lesa fornsögur, eddukvæði, fræði Snorra Sturlusonar og fleira sem þykir nauðsynlegt til að viðhalda menningararfinum, koma honum frá einni kynslóð til annarrar, því eins og Birgitta Jónsdóttir segir réttilega í grein um goð og vætti í nútímanum þá er þjóð

... sem þekkir ekki né upplifir rætur sínar og uppruna menningar sinnar... stefnulaus þjóð. Týnd þjóð. Út um allan heim er fólk sem öfundar okkur af því hve auðvelt við eigum með að nálgast sögu okkar vegna allra þeirra rituðu heimilda sem við höfum og getum lesið í sinni upprunalegu mynd (Dagskrá Óháðrar listahátíðar, án bls.1995).

En hversu aðgengilegur er þessi heimur nútíma unglíngum? Í fyrrnefndri grein kemur fram að ekki er um margt að velja “án þess að vera tilbúinn að sökkva sér í fræðirit þar sem hið akademíska hugarfar er ríkjandi.” (B.J.1995)

Til allrar hamingju eru til þeir íslenskir rithöfundar sem "sökkva sér í fræðirit" og skrifa sögur fyrir unglínga sem gerast eiga á þjóðveldisöld. Ein slík saga er sagan um Korku Þórólfsdóttur, ambáttardóttur sem varð frjáls kona. Á bak við slíka sögu liggur mikil vinna. Atvinnuhættir, verkfæri, trúarbrögð, lækningar, stjórnmal, siðferðisleg viðhorf og félagslegar reglur samfélagsins - allt þetta og ýmslegt fleira verður að liggja ljóst fyrir þegar sagan er skrifuð. Höfundurinn, Vilborg Davíðsdóttir, hefur leitað víða fanga og hér fyrir aftan fylgir listi yfir helstu heimildir sem hún notaði við gerð bókarinnar.

Sagan *Við Urðarbrunn* hefst á goðsögninni um það hvernig fljótið Shannon á Írlandi verður til. Þar er sagt frá drúidum en hverjir voru þeir?

Fyrir kristnitöku voru druida-trúarbrögðin allsráðandi með Írum eins og öðrum þeim þjóðflokkum, sem mæltu á keltneskar tungur. Þótt undarlegt kunni að virðast, er margt óljóst hvað snertir kjarna þeirra trúarbragða, nema hvað þau voru fólgin í átrúnaði á guði og gyðjur og þó einkum náttúruvætti, sem fóru með hlutverk máttarvaldanna, og er álitíð, að þau hafi í ýmsum tilvikum borið ólík nöfn og hlutverkaskipting þeirra verið mismunandi með hinum ýmsu ættflokkum. Dýrkun þeirra var bundin vissum hátíðum og fólgin í táknrænum helgiathöfnum í umsjá valdmikillar stéttar, druidanna. Ekki voru þeir prestar í eiginlegum skilningi, heldur stóðu þeir vörð um hin helgu fræði, þekkinguna á hinum mikilvægu tengslum milli manna og guða, skyldur mannanna gagnvart guðunum og merkingu hinna trúarlegu athafna og rétta framkvæmd þeirra. Til

Þess að geta tekizt á hendur þá vörzlu urðu druidarnir að leggja á sig langt nám og erfiða þjálfun, sem meðal annars var bundin ýmsum launhelgum í þeim tilgangi að ná valdi á yfirnáttúrulegum hæfileikum eins og spádómsgáfu, krafti til lækninga og kunnáttu í að fara með særingar og töfra. Er svo að sjá, að þeir hafi fyrst og fremst treyst á dularmátt orðsins til þeirra hluta, því að þeir lögðu áherzlu á að tileinka sér orðkynngi í óbundnu máli, en þó einkum í bundnu. Fyrir það lögðu þeir mikla stund á skáldskapariþrótt og framsagnarlist, og má af ýmsu ráða, að þeir hafi álitnið vissa hrynjandi og bragarháttu búa yfir leyndum áhrifamætti öðrum fremur. Druidarnir voru í senn ráðunautar konunganna og einskona tengiliður milli þeirra og persónugervinga máttarvaldanna, guðanna, en álitnið var, að með guðum og konungum væru sérstaklega nán tengsl eins og sjá má af því, að konungurinn gekk að eiga gyðju máttarins við táknræna helgiathöfn." (Loftur Guðmundsson. 1970. *Lönd og lýðir - Írland*. bls.17)

Í bókinni *The Story of the Irish Race* (Seamus McManus, 1990) segir svo um drúida:

The Druid is frequently mentioned in the old Irish tales and poems. The Irish word Draoi is used - which, by general acceptance is rendered Druid. However, there seems to have been very great ceremonial difference at least between the Druidism of Ireland (if it was Druidism) and the Druidism of Wales and Gaul. But to the Irish, as to the Continental Druid, fire and water were sacred elements. The holy wells of all Christian days, from Patrick's time to the present, were still holy in pagan times. (bls. 97-98)

Korka er kristin og heilagur Patrekur er dýrtingur hennar. Heilagur Patrekur þurfti að takast á við drúida og sannfæra Íra um að kristni væri drúidismanum æðri:

In the presence of King and court Patrick was first confronted with the Druids, who, it was hoped, would quickly confound him. But matching his miracles against their magic he showed to all that his powers far transcended theirs. He dispelled a darkness, which they, by their magical powers had produced, but were powerless to dissipate - "They can bring darkness," he significantly said, "but cannot bring light." He preached Christ to the assembly, and won to his Master the queen and several prominent members of the court. (Bls. 115)

Heilagur Patrekur var uppi á 5. öld, er talinn hafa komið fyrst til Írlands árið 389 en það var ekki fyrr en 432 sem hann kom til landsins í þeim tilgangi einum að snúa Írum til kristinnar trúar.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir stöðu kvenna á Íslandi og á Írlandi áður en sagan er lesin enda er sagan sögð frá sjónarhóli þeirra fyrst og fremst. Í bókinni *The Story of the Irish Race* (Seamus MacManus) eru margir gagnlegir kaflar. Einn þeirra fjallar um konur fyrri tíma "Women in

Ancient Ireland". Þar kemur fram að staða kvenna á Írlandi hefur verið betri frá örófi alda en almennt gerðist í Evrópu. Hér koma nokkrar glefsur úr bókinni til frekari fróðleiks:

In the dimmest, most ancient legends, casual references to druidesses, poetesses, women physicians and women sages, prove that in the very remote days in which these legends were created, there was nothing uncommon or surprising in filling these positions. (151)

Woman was then nearly on an equality with man. Particularly great women compelled the admission of this equality, and sometimes superiority, too. Still, the man-made laws took care to throw the weight of authority in the scale with the so-called lord of Creation. Although the Crith Gablach, in discussing the privileges of a man of the noble classes, lays down the dictum, "To his wife belongs the right to be consulted on every subject," and although before a Brehon's court the husband and wife stood on equal terms, still the law held that the man had headship in the marriage union. Then, however, it proceeds to safeguard the rights of the wife. For it says that though he had headship of the two, he did not own her. "It is only contract that is between them," says the law. (151-152)

Ekki þótti óeðlilegt að konur stunduðu nám og eru til mörg dæmi um það allt frá dögum heilags Patreks en þær höfðu þó ekki jafnan rétt á við karla á því sviði.

...women were not excluded from the privileges of education, nor was there any prejudice against their acquiring the learning of the schools. In the various centuries and in the various generations some of the more ambitious of them sought and obtained such an education, at least from the days of Patrick downward.. And through all the centuries some of them aquired fame ain this, just as they did in other lines of what is considered man's endeavour. There is, in the old Book of Ballymote a sort of history in prose and verse of Eirinn's famous women down to the time of the English Invasion. (153)

In Ireland, after marriage, the woman did not become a chattel - thus radically differing from the usual custom in the other countries of Europe. Before marriage she was wooed and courted like the superior being which, later, she was acknowledged to be in all countries. In the exercise of the acknowledged privileges of a superior being she could scorn and frown down the attentions of chieftains and kings - and scholars, too - send them home with hanging heads, and choose whomsoever her heart went out to. And after marriage she was not - as unfortunately was too generally the case elsewhere - the property of her husband. "It was contract that was between them." In the eyes of the law, they were partners in a matrimonial venture - with the husband, however, the leading partner. And so very far in the lead was the Irish law that under it the wife could remain sole owner of property that had been her own before

marriage. Also, such property as was jointly owned by them could not be sold or signed away by the husband. (154)

Um stöðu íslenskra kvenna á Þjóðveldisöld má lesa í greinunum *Staða íslenskra kvenna á Þjóðveldisöld* (Saga, 22 (Rv. 1984) bls. 7-30) eftir Ólafíu Einarsdóttur og *Viðhorf til kvenna í Grágás* (Sagnir, 7. árg. 1986 bls. 23-30) eftir Agnesi Siggerði Arnórsdóttur. Þessar konur eru ekki alveg sammála um það að kynin hafi verið jafnréttá hvað varðar efnahag og persónulegt frelsi þeirra. Ólafía telur svo vera en Agnes dregur það í efa.

Verkefni þau sem hér fara á eftir eru af misjöfnum toga og unnin í því markmiði að geta þjónað breiðum hópi nemenda; léttar og þungar spurningar sem krefjast þess að lesið sé af athygli, ritunarverkefni með sökmenntalegu ívafi og verkefni sem hægt er að vinna í samvinnu við sagnfræðikennara. Kennari verður að sjálfsögðu að velja og hafna eftir því sem nemendahópurinn býður honum.

Hópverkefni áður en sagan er lesin:

1. Athugið hvaða atburðir eru taldir merkastir í sögu Írlands fram að kristnitöku? Hvaðan er það fólk sem kom til landsins fram á 5. öld? Hvaða trúarbrögð voru ríkjandi? Við hvað starfaði fólk þetta helst? Um hvað fjalla ýmsar þjóðsögur sem til eru frá þessum tímum?
2. Hvaða atburðir eru merkastir í sögu Írlands frá kristnitöku fram á 10. öld? Hvaða dýrlingar urðu vinsælir og hvers vegna? Um hvað snerust helstu átökin í landinu?
3. Samskipti Íslands og Írlands á þjóðveldisöld.
4. Staða kvenna á þjóðveldisöld á Írlandi og á Íslandi.

Hvernig væri að fá sögukennarann í lið með sér?

1. kafli

1. Á þjóðveldisöld voru notuð önnur verkfæri til daglegra starfa en nú tíðkast. Hvað merkja eftirtalin orð:

Snælda - snælduhali - spunakefli - tálgesteinssnúður - lurkur - lýsiskerald?

2. Athugaðu eftirfarandi skilgreiningu á orðinu ambátt í *Íslenskri orðsifjabók*:

ambátt ... 'ófrjáls kona, kvenþræll'; sbr. nno. *ambátt* 'þerna, vinnukona' fsæ *ambot*, *ambut*, 'ánauðug kona', fe. *embiht* k. 'þjónn' fhþ. *ambaht*, gotn. *andbahts* (s.m.). To. úr keltn.-lat. *ambactus* 'þjónn' (eiginl. 'vikapiltur', af *amb(i)* 'um, kringum' og rótinni **ag-* 'fara, reka' í *aka*). Nokkur to. úr keltn. hafa snemma komist inn í germ. mál, einkum varðandi félagshætti, stjórnskipan og málma.

Er hægt að draga einhverja ályktun af þessari skilgreiningu um írsk áhrif á norræna tungu?

3. Hvað er átt við þegar talað er um "að skara í langeldinn"?

4. Mýrún, Korka og Kjallakur eru keltnesk nöfn. Flettu upp í bókunum *Nöfn Íslendinga*, *Íslensk orðsifjabók* og ekki síst *Landnámabók* og athugaðu hvað þau merkja. Eru þetta að einhverju leyti táknræn nöfn?

5. Athugaðu nöfn á bæjum, fjöllum, hólum og hæðum. Hvað ræður nafngiftunum?

6. Alls staðar og á öllum tímum er trú manningum mikilvæg. Í þessari sögu togast á heiðnar og kristnar lífsskoðanir. Finndu dæmi um þetta í kaflanum og tíndu til allt það sem tengist norrænni goðafræði.

7. Hvað kemur fram í kaflanum um stöðu ambátta og þræla?

8. Var tilviljun að Korka var send út til að gá að mönnunum? Var henni kannski ætlað að lifa? Kynntu þér hvað felst í hugtakinu "forlagatrú".

9. Í upphafi sögu sjáum við Korku í því umhverfi og með því fólki sem hefur mótað hana. Í lok fyrsta kafla stendur hún á tímamótum og hefur för sína út í óvissuna. Hvað veit lesandinn og hvernig getur hann dregið

ályktanir um útlit, aldur, ætterni, skapgerð og hæfileika Korðu í lok þessa fyrsta kafla?

10. Bygging kaflans er afar sérstök. Gerðu þér grein fyrir henni. Hvernig skapar höfundur eftirvæntingu og spennu? Athugaðu í þessu sambandi hlutverk sögunnar sem sögð er í kaflanum.

2. kafli

1. Fleiri mannanöfn bætast við í þessum kafla. Gerðu lista yfir þau og flokkaðu þau eftir því hvort þau eru írsk eða norræn. Er eitthvað sérstakt sem einkennir írsku nöfnin í samanburði við þau norrænu? Búðu til ættartré og fjölgaðu greinum eftir því sem upplýsingar gefa tilefni til í næstu köflum.

2. Þórólfur og Einar koma frá Noregi. Er það tilviljun að annar þeirra er ríkur höfðingi en hinn fátækur bóndi? Ef svo er ekki - hvað veldur?

3. Híbýlum á Reykjavöllum er afar vel lýst. Berðu lýsinguna saman við mynd af húsaskipan í heimildum um Þjóðveldisöld.

4. Félagsleg staða þrælanna skýrist enn betur í þessum kafla. Átakanlegasta dæmið um réttleysi þeirra er útburður barna. Í *Gunnlaugs sögu ormstungu* kemur fram neikvætt viðhorf til útburðar: "Og það var þá siðvandi nokkur er land var allt alheiðið að þeir menn er félitlir voru en stóð ómegð mjög til handa létu út bera börn sín og þótti þó illa gert ávallt." (3. kafli) Má finna hliðstæður í nútímasamfélagi?

5. Brjánn er sannkristinn maður. Hvernig birtist það?

6. Hvers vegna leggur höfundur svo mikla áherslu á að lýsa fatnaði fólksins á Reykjavöllum?

7. Hvaða viðhorf koma fram til gamals fólks eins og Úlfbrúnar og Kjallakurs í fyrstu köflunum? Berðu þau saman við viðhorf nútímamannsins til aldraðra. Hvernig er málefnum aldraðra háttað á Íslandi nú til dags?

3. kafli

1. Hvað þýðir það að vera forvitur og hvar er Valhöll?
2. Hvað er: rúnagaldur, seiðgaldur, skygginigáfa, dögurður, fráfarur, kléberg og knörr?
3. Hvað er blót og við hvaða aðstæður blótuðu menn?
4. Hvaðan kemur Hrafn? Er eitthvað við útlit hans sem segir okkur hvaðan hann er ættaður? Hvers vegna er hann kallaður Finni?
5. Hvaða viðhorf koma fram til framandi kynþátta í orðum smiðsins er hann segir Korku frá uppruna Hrafnis? Eru þessi viðhorf enn ríkjandi?
6. Í kaflanum takast Úlfbrún hin forna og Korka á um trúmál. Hvaða rök koma fram hjá Úlfbrúnu gegn Hvíta Kristi og hvaða áhrif hefur það á Korku?
7. Hvers vegna laðast Korka að Úlfbrúnu hinni fornu? Hvað sér Úlfbrún í Korku?
8. Úlfbrún hin forna segir Korku hvernig goðin sköpuðu jörðina, himininn og hafið. Lestu frásögnina um sköpun heimsins í *Snorra-Eddu* og *Biblíunni*. Hvor sagan fellur betur að heimsmynd Vesturlandabúa að þínu áliti?

Snorra-Edda:

"Þeir tóku Ými og fluttu í mitt Ginnungagap og gerðu af honum jörðina, af blóði hans sæinn og vötnin. Jörðin var gjör af holdinu, en björgin af beinunum. Grjót og urðir gerður þeir af tönnum og jöxlum og af þeim beinum er brotin voru." o.s.frv...(VIII)

Biblían:

"Í upphafi skapaði Guð himin og jörð. Jörðin var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúpinu, og andi Guðs sveif yfir vötnunum." o.s.frv...(Fyrsta bók Móse)

Auk *Snorra-Eddu* eru bækurnar *Svört verða sólskin* (1992. Mál og menning) og *Guðirnir okkar gömlu* eftir Sölva Sveinsson. (1994. Iðunn) aðgengilegar bækur um goðafræði.

9. Hvaða sjávarguðir eru nefndir í kaflanum?
10. Konurnar koma allar saman, bæði frjálsar og ófrjálsar er Fjóna fæðir barn sitt. Hvernig opinbera þær líðan sína við þessar aðstæður?

4. kafli

1. "Það var langt liðið á góu..." Hvað heita gömlu mánuðirnir og hvað eru þeir margir? (Sjá formálsorð höfundar að Normadómi og Sögu daganna eftir Árna Björnsson.)
2. Hvað er: páll, kola, hlautteinn, hlautbolli, dreggjar, hofgyðja, fupark?
3. Bættu við atriðum í samaburði Korku á Hvíta Kristi og goðunum. Hvers vegna laðast Korka æ meir að hinum heiðnu goðum?
4. Af hverju taldi Úlfbrún gamla að Korka væri útvalin af normunum til að bera arfinn áfram?
5. Berðu saman vígsluathöfn Korku og fermingarathöfn kristinna manna.
6. "Allt frá ómunatíð hafði það verið kvennanna að tala við goðin..." Hvers vegna hafði Úlfbrún áhyggjur af því að karlmennirnir tækju við þessu hlutverki? Hvernig hefur þetta hlutverk þróast með kristnum mönnum? Hvað er einkennandi fyrir stöðu kvenpresta innan kirkjunnar?
7. Heiti rúnanna tengjast hlutverkum þeirra. Úr nokkrum þeirra má einnig mynda kvenmannsnöfn. Er það tilviljun eða tengist það eitthvað hlutverki kvenna?
8. Í þessum kafla uppgötvar Korka hverra manna hún er og í lok hans þekkir hún stöðu sína í samfélaginu. Hvernig endurspeglast þetta í rún hennar?
9. Skrifðu niður helstu atriði í ævi Úlfbrúnar gömlu (notaðu þær upplýsingar sem fram hafa komið í fjórum fyrstu köflunum). Notaðu hlutlægan stíl líkt og gert er í upphafi minningargreina *Morgunblaðsins*.

5. kafli

1. Hvers vegna talar Úlfbrún gamla um "gjöf" þegar hún talar við Korku um rúnirnar?
2. Hvað á Úlfbrún við þegar hún segist hafa þurft að kveða niður haugbúa?
3. Eru hugmyndirnar sem fram koma í upphafi kaflans um líf eftir dauðann enn við lýði? Ef svo er nefndu dæmi.
4. Hvað merkja orðin: mara, fjörbaugsgarður og skapadægur?
5. Hvernig uppgötvar Korka leyndarmál Gunnhildar?
6. Hvað breytist í samskiptum Úlfbrúnar og Korku í kaflanum?
7. Í 3ja kafla er fyrst sagt frá Hrafni. Hvað er það í þessum kafla sem gefur til kynna að hann er af kynþætti sama?
8. Í hverju felst ráðabrukk Korku til að bjarga Gunnhildi frá smán? Koma gjörðir Korku fleirum til góða?
9. Hvernig kallaði Úlfbrún reiði guðanna yfir ætt sína?
10. Í kaflanum kemur fram yfírgangur Norðmanna og grimmd gagnvart ættmennum Hrafns. Slíkir hlutir eru enn að gerast án þess að umheimurinn taki af skarið og komi til bjargar. Finndu nýleg dæmi. Er þessi grimmd mannum eiginleg að þínu mati? Hvað kallar hana fram?

6. kafli

1. Hvað þýða orðin: dögurður, miðaftann, mosapemba, tvímánuður.
2. Berðu saman hálfssystemar Gunnhildi og Korku. Hvað eiga þær sameiginlegt? Hvað telur þú að Korka hafi erfð úr föðurætt?
3. Hvað er sel? Hverjir vinna verkin þar? Hvar fer þessi starfsemi fram á okkar tímum?

4. Hvern mann hefur Guðrún að geyma? Veit hún e.t.v. meira en systurnar álíta?

7. kafli

1. Hvaða mynd fær lesandinn af Gunnbirni í þessum kafla? Hvernig fellur sú mynd að hugmyndum manna um verðugan eiginmann höfðingjadóttur?

2. Hvaða hlutverki gegnir hestaatið? Lestu kaflann um hestaat í Njálu (59) og berðu saman frásagnirnar.

3. Fjóna og Gunnhildur fæða báðar börn sín við erfiðar aðstæður. Berðu fæðingarnar saman.

4. Hvernig er sjálfsmynd Hrafns og hvað hefur mótað hana?

8. kafli

1. Fólk á Þjóðveldisöld nýtti jurtir á ýmsan hátt? Eru aðferðir þeirra notaðar enn í dag? Nefndu dæmi. Athugaðu í þessu sambandi atriði bls. 47- 48, 96, 103,156, og 198.

2. Í þessum kafla er sagt frá draumi Korku. Hvaða hlutverki gegna draumar hennar í sögunni?

3. Í 5. kafla lagði Korka rúnir fyrir sjálfa sig. Rúnin Lögur kom þar fram. Hvernig tengist hún atburðum í kaflanum?

4. Hvað er heimanfylgja?

9. kafli

1. Festar og brúðkaup. Lestu vel um aðdragandann að brúðkaupi Gunnhildar og Gunnbjörns og það sem sagt er frá athöfninni sjálfri. Berðu frásögnina saman við siði og venjur nútímamanna. Hvað er líkt og hvað ólíkt?

2. Hvað felst hér í því að blóta Frey og hvað er mansöngur?

3. Hallur Illugason kemur fyrst til sögunnar í 4. kafla. Dragðu saman þær upplýsingar sem gefnar eru um hann í sögunni og skrifaðu nákvæma persónulýsingu. Hefur hann eitthvað sér til málsbóta eða er hann rakið illmenni?

4. Í þessum kafla er ris sögunnar. Hvað er átt við með því?

10. kafli

1. Hvað má ætla að Úlfbrún sé gömul?

2. Hvaða hugmyndir koma fram í kaflanum um líf eftir dauðann umfram það sem sagt var í 5. kafla? Aðhyllast nútíma Íslendingar enn heiðnar lífsskoðanir varðandi dauðann? Ef svo er nefndu dæmi.

3. Hvað eru vættir og hvert er hlutverk þeirra? (Ath. *Íslenskt vættatal*)

4. Hvað er: kuti, trog, að vera fjölkunnugur?

5. Hvernig bregst Þórólfur við játningu Korku og hvers vegna?

6. Töluverð drykkja fylgir síðum ásatrúarmanna í sögunni. Í skjóli hennar geta konurnar tekið til sinna ráða ef þær eru misrétti beittar. Finndu dæmi um slíkt í kaflanum.

7. Hver var síðasti galdur Úlfbrúnar hinnar fornu?

II. hluti

1. kafli

1. Hvað merkir orðið Sæhrímnir í *Snorra-Eddu*? Hvaða merkingu ber orðið sjálf? Finnst þér það hæfa sem nafn á skipi? Rökstyddu svar þitt.

2. Hvernig varðist Korka ágangi skipverja á leiðinni yfir hafið? Hvers vegna óttuðust menn völu?

3. Hvar var Heiðabær og hvaða hlutverki gegndi hann á vikingaöld?
(Sjá t.d. *Ísl. alfræðiorðabók* og *Vikingarnir* (Alm.bókafél. 1966.))

4. Í *Landnámabók* er sagt að sex dægra sigling sé á milli Bretlands og Íslands. Hve lengi var Sæhrímnir að fara til Noregs og hvaða siglingaleið er líklegust? Athugaðu landakort.

2. kafli

1. Í þessum kafla er Atli kynntur til sögunnar. Hvernig kemur hann lesendunum fyrir sjónir? Finndu fyrirmyndir úr íslenskum fornsögum?

2. Hestur Atla hefur örlagarík áhrif á líf Korku. Nafn hans tengist Óðni sjálfum. Hvaða merking getur falist í því?

3. Hafsteinn og Úlfur skögultönn taka að sér að flytja Korku milli landa. Berðu þessa tvo menn saman.

3. kafli

1. Hver var Göngu-Hrólfur? (Sjá t.d. Haralds sögu hárfagra í *Heimskringlu*, 1991, bls.76-7. Mál og menning.)

2. Hvar er Valland?

3. Hvaðan er Atli ættaður og hvað veit lesandinn um fortíð hans þegar hér er komið sögu?

4. Í kaflanum kemur fram að trúfrelsi hefur ríkt í Heiðabæ. Af hverju ætli það hafi stafað? Í Heiðabæ er fjölbreytt mannlíf. Berðu það saman við samfélagið sem Korka yfirgaf á Íslandi. Er enn hægt að finna hliðstæðan mun milli Íslands og Danmerkur (Reykjavík - Kaupmannahöfn)?

4. kafli

1. Berðu saman ævi og örlög Korku og Popeu. Hvor er frjáltsari?

2. Hér sannar Korka hæfileika sína sem völva. Í Völuspá spyr völvan "Vitið er enn, eða hvað?" Hvernig hegðar Korka sér við þessar aðstæður?
3. Hvaða viðbótarupplýsingar koma hér fram um brúðkaupssiði norrænna manna?

5. kafli

1. Hvernig storkar Korka húsbónda sínum í þessum kafla?
2. Korka hefur opinberað hæfileika sína sem völva. Hvers vegna getur það reynst henni hættulegt?
3. Korka lendir í erfiðri aðstöðu í þessum kafla. Eru lýsingarnar trúverðugar að þínu mati? Rökstyddu skoðun þína.
4. Hver er staða Korku í lok sögunnar Við Urðarbrunn?

NORNADÓMUR

1. kafli

1. Í hvaða tilgangi eru Njörður Þór og Óðinn nefndir í kaflanum?
2. Berðu saman félagslega stöðu Korðu og Atla. Hvað hefur Korða að þjóða Atla fyrst hún er bæði ættlaus og eignalaus?
3. Taktu eftir útliti Atla. Honum var einnig lýst í 2. kafla II hluta fyrri bókar. Til hvers er þessi lýsing hér?
4. Skoðuðu siglingaleið þá sem farin er og aðkomuna að Suðureyjum. Suðureyjar eru taldar vera um það bil 500 talsins fyrir utan gróðurlaus sker. Þeim er skipt í ytri eyjar og innri eyjar. Hermann Pálsson ritaði bókina *Söngvar frá Suðureyjum* (Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, MCMLV) og segir þar m.a. frá sambandi Íslendinga og Suðureyinga:

... flestir Keltar, sem fluttust hingað sjálfráða, komu frá Suðureyjum, aðeins fáir frá Írlandi. Í íslenskum sögum er oft getið um suðureyska menn og konur, sem voru á Íslandi á 10. og 11. öld. Af þessu fólki fór misjafnt orð. Sumir fengust við galdur, eins og til að mynda þau Gríma og Kotkell í Laxdælu og synir þeirra tveir. (Bl.8)

Hværrar þjóðar er það fólk sem lesandi Nornadóms kynnist helst á Suðureyjum?

5. Í kaflanum kemur fram að Atla hefur verið ætlað ákeðið kvonfang. Er það ráðlegt af Korðu að hafna tilboði hans um að verða frilla hans? Hvaða áhættu tekur hún?
6. Hvernig öðlast Korða traust Jórunnar og drengjanna?

2. kafli

1. Berðu saman bræðurna, þá Þórólf og Atla og hafðu í huga það sem sagt er um foreldra þeirra.
2. Áshildur, Mæfa og Jórunn hafa allar þurft að takast á við sára lífsreynslu. Að hvaða leyti er líf þessara kvenna líkt/ólíkt? Hvernig bregðast þær við erfiðleikunum og hvað mótar hugsanlega viðhorf þeirra?

Finndu hliðstæðar manngerðir (týpur) úr nútímanum og svipuð viðhorf/fordóma.

3. kafli

1. Settu þig í spor stúlkunnar frá Lýðhúsum og rektu sögu hennar eins og þér finnst að hún hafi verið. Hvernig ætli uppeldi hennar hafi verið háttað? Hvað hafa foreldrar hennar ákveðið um framtíð hennar? Hver er staða hennar þegar hér er komið sögu? Er það sanngjarnt hvernig farið er með hana? Á Atli einhverja sök á máli?
2. Í kaflanum ætlar Korka að rista bölrúnir en ristir þess í stað ástarrúnir. Finndu dæmi í fornsögunum um svipaðar rúnaristur.
3. Af hverju álitur Korka að nomirnar hafi blekkst hana?
4. Atli virðist vera góður maður en þó hefur hann herjað með vikingum og slátrar Péttum á grimmdarlegan hátt. Hver er afstaða hans og Korku til þessara ofbeldisverka?
5. Péttar koma mikið við sögu í kaflanum og eru taldir grimmir. Réttlætir það meðferðina á þeim? Hvaða máli skiptir trúin?
6. Hvað á Atli við er hann segir "Allir kettir eru gráir í myrkri."? Hvaða viðhorf endurspeglast í þessum orðum?

4. kafli

Lestu eftirfarandi heimildir um Harald hárfagra og Torf-Einar: Skorið hár Haraldar konungs (sjá Haralds saga hárf. bls. 75 *Heimskringla I*). Upphaf Torf-Einars, jarls í Orkneyjum o.fl. (sjá Haralds saga hárf. bls. 79-82 *Heimskringla I*).

Sætt Haraldar konungs og Einars jarls (Har.saga hárfagra bls. 83)

Haraldur konungur bauð liði út og dró saman her mikinn og fór síðan vestur til Orkneyja. En er Einar jarl spurði að konungur var austan kominn þá fer hann yfir á Nes. /.../

Þá fóru menn og orðsendingar millum konungs og jarls. Kom þá svo að þar var á komið stefnulagi og finnast þeir sjálfir og festi þá jarl allt í konungs dóm. Haraldur konungur dæmdi á hendur Einari jarli og öllum Orkneyingum að

gjalda sex tigu marka gulls. Bóndum þótti gjald of mikið. Þá bauð jarl þeim að hann mundi einn saman gjalda og skyldi hann eignast þá óðul öll í eyjunum. Þessu játuðu þeir mest fyrir þá sök að hinir snauðu áttu litlar jarðir en hinir auðgu hugðust mundu leysa sín óðul þegar þeir vildu. Leysti jarl allt gjaldið við konung. Fór konungur þá austur eftir um haustið."

Í Ólafs sögu helga (*Heimskringla I*) er viðskiptum Torf-Einars og Haraldar konungs lýst svo:

Svo er sagt að á dögum Haralds hins hárfagra Noregskonungs byggðust Orkneyjar en áður var þar víkingabæli. Sigurður hét hinn fyrsti jarl í Orkneyjum, hann var sonur Eysteins glumru og bróðir Rögnvalds Mærajarls, en eftir Sigurð Guttormur sonur hans einn vetur. Eftir hann tók jarldóm Torf-Einar sonur Rögnvalds jarls og var lengi jarl og ríkur maður.

Hálfðán háleggur sonur Haralds hárfagra fór á hendur Tor-Einari og rak hann á brott úr Orkneyjum. Einar kom þá aftur og drap Hálfðan í Rínansey. Eftir það fór Haraldur konungur með her í Orkneyjar. Einar flýði þá upp á Skotland. Haraldur Konungur lét Orkneyinga sverja sér óðul sín. Eftir það sættust þeir konungur og jarl og gerðist jarl hans maður og tók lönd í lén af konungi og skyldi enga gjalda skatta af því að þar var herskatt mjög. Jarl galt konungi sex tigu marka gulls. Þá herjaði Haraldur konungur á Skotland svo sem getið er í Glymdrápu." (*Heimskringla I*, bls.363, Mál og menning, 1991)

1. Berðu þessar lýsingar saman við texta sögunnar.
2. Frjósemi og ástir eru jafnan tengd Freyju og svo er það í þessum sögum. Í bókinni *Við Urðarbrunn* fæðast tvö börn. Í hvorugt skiptið er Freyja ákölluð þótt ætla mætti að slíkt hefði viðgengist sbr. vísuna í Oddrúnargráti:

Svo hjálpi þér
hollar vættir,
Frigg og Freyja
og fleiri goð,
sem þú felldir mér
fár af höndum.

Þarna eru Frigg og Freyja ákallaðar til hjálpar konu í barnsnauð. Nafn Freyju er aftur á móti tengt dauðanum er Torf-Einar segir Úlfbrúnu fornu hafa farið "til fundar við Freyju." Þetta kemur heim og saman við *Egils sögu* er Þorgerður Egilsdóttir segir: "Engvan hefi eg náttverð haft og engan mun eg fyrr en að Freyju."

Lestu það sem sagt er um Freyju í *Snorra-Eddu* og Eddukvæðunum og berðu saman við þá mynd sem birtist í sögum Vilborgar. (Sjá t.d. Lesbók Morgunblaðsins 28. tbl. 19. ágúst 1995.)

3. Ketill í Suðureyjum er sá hinn sami og nefndur er í upphafi *Laxdælu*. Margir afkomenda hans fluttu til Íslands en er synir hans nefndu það við hann sagði hann "Í þá veiðistöð kem eg aldregi á gamals aldri." (2.kafli) Lesið 4. kafla *Laxdælu* þar sem sagt er frá hvernig Katli vegnaði í Skotlandi.

4. Hvert var hlutverk Korku á Orkneyjum?

5. kafli

1. Þegar hér er komið sögu er Korka loks viss um að Atli verður hennar maður. Hún getur verið örugg um hann og gefst honum. Hefur hún leikið sér að tilfinningum hans eða er stolt hennar skiljanlegt? Hafðu í huga félagslega stöðu þeirra. Finndu einnig hliðstæður í nútímanum. Hvaða viðhorf eru ríkjandi nú á dögum meðal ungs fólks varðandi þá alvöru sem kynlíf hefur í för með sér?

II. hluti

1. kafli

1. Berðu saman stöðu hálfasystranna. Hvers vegna hefur Gunnhildur ekki yfirgefið Gunnbjörn?

2. kafli

1. Korka og Atli setjast að í nýju landi. Hvað þurfa þau að hafa með sér til að koma sér fyrir og hver eru fyrstu verk þeirra?

3. kafli

1. Reyndu að tímasetja samkvæmt dagatali okkar Þórsdag í lok sólmánaðar.

2. Í sögunum báðum koma fram skýr skil á milli þess hvað er kvenmannsverk og hvað karlmannsverk. Finnið nokkur dæmi þess í

kaflanum og víðar. Hvað veldur þessari skiptingu og þeim viðhorfum sem henni fylgja?

3. Papa Patrekur á sér stoð í Íslandssögunni. Hvað vitum við um menn eins og hann?

4. Enn þarf Korka að finna rök fyrir því að hafa valið sér heiðna trú? Skoðaðu þau rök sem koma fram í samræðum Korku og Patreks. Hefur hún alveg hafnað kristinni trú?

4. kafli

1. Athugaðu hegðun Gunnbjarnar og viðbröð Gunnhildar. Hefur Gunnhildur breyst frá því Korka kynntist henni fyrst? Hvað er það í fari hennar sem gerir hana að auðveldri bráð fyrir Gunnbjörn.

2. Hver er staða bóndakonunnar á Landnámsöld ef tekið er mið af aðstæðum Korku? Finnst þér verkaskipting kynjanna réttlát? Færðu rök fyrir máli þínu.

5. kafli

1. Hvers vegna vill Atli ekki lengur blóta Óðin en snýr sér að Frey? Hvernig hefur hann breyst frá því Korka kynntist honum fyrst?

6. kafli

1. Augljóst er að misþyrmingar Gunnbjarnar hafa skaðað andlega heilsu Gunnhildar. Hvernig myndi nútímafólk útskýra sýnir hennar?

7. kafli

1. Enn er fæðingu lýst nokkuð nákvæmlega. Að hvaða leyti er þessi fæðing ólík hinum fyrri? Dragðu saman þær upplýsingar sem koma fram í öll skiptin og skrifaðu örstutta grein um allt sem þú veist nú um fæðingu barns.

2. Hvaða þýðingu hafa nöfn tvíburanna? Hvers vegna er Atli tregur til að gefa dóttur sinni nafnið Úlfbrún? Mundu hvaða guði nafn hans sjálfs tengist.

8. kafli

1. Athugaðu vel lýsingu á Atla er hann býr sig undir að heilsa föður Korku. Finndu hliðstæður í einhverri Íslendingasögunni.
2. Í þessum kafla er bardagalýsing. Hvað er líkt og hvað ólíkt með þessari lýsingu og þeim sem algengar eru í Íslendingasögunum? Hvers vegna berjast þrælar með húsbónda sem er eins slæmur og raun ber vitni?
3. Korku er margt til lista lagt og hér sýnir hún hæfni sína sem læknir. Hvað finnst þér um trúverðugleika þessarar lýsingar? Heldur þú að nútímamenn geti þurft að grípa til hliðstæðra aðgerða?

9. kafli

1. Í sögulok sér lesandinn Þórólf í nýju ljósi. Hvernig hefur ævi hans verið? Hafa siðir og venjur samfélagsins leikið hann grátt eða var hann fórnarlamb eigin veikleika? Hvernig hefði ævi þessa manns orðið á 20. öld að þínu mati?

Nokkur verkefni í lokin

1. Lestu vel vísurnar sem birtast fremst og þegar þáttaskil verða í sögunni. Veltu fyrir þér merkingu þeirra. (Sjá t.d. Eddukvæði Ólafs Briem og Svört verða sólskin.) Hvernig túlkar þú tengsl milli vísanna og sögunnar?
2. Í sögu Mýrúnar í upphafkafla bókarinnar *Við Urðarbrunn* kemur fram ósk um að öðlast alla visku heimsins og ná þannig valdi yfir mönnum. Hvernig tengist þessi saga um viskuna þroskasögu Korku?
3. Sagan um Korku gefur innsýn í það sem kallað hefur verið "reynsluheimur kvenna". Skrifðu stutta ritgerð um sameiginlega reynslu kvenna á öllum tímum og í hvaða þjóðfélagi sem er.
4. Fyrst hægt er að sjá framtíðina með tilstyrk rúna hljóta forlög að ráða. Birtist þessi forlagatrú annars staðar eða með öðrum hætti nú á dögum? Bendir eitthvað til þess að nútímafólk sé forlagatrúar?

5. Skrifðu stutta ritgerð þar sem þú rökstyður eina af eftirfarandi fullyrðingum:

Sagan af Korku er saga þar sem takast á

- a) frelsi og ánauð
- b) ást og hatur
- c) heiðni og kristni
- d) líkami og sál
- e) stolt og auðmýkt
- f) karlar og konur

6. Eru konur eins og Úlfbrún og Korka ævinlega (andlega) frjálssar vegna þeirrar þekkingar sem þær búa yfir? Hvernig styrkja ungar konur nú á dögum stöðu sína til aukins frelsis?

7. Hvað í sögunni er hliðstætt við nútímann? Er maðurinn alltaf samur við sig? Skrifðu stutta grein um þetta og hafðu eftirfarandi atriði í huga:

Fylleriishátíðir

Nauðganir

Barnaútburð - fóstureyðingar

Heimilisofbeldi

Stéttaskiptingu - kynþáttafordóma

Forspár - leit að hinu óþekkta - rúnalestur - stjörnuspár.

8. Hvernig birtast fyrirboðar í sögunni? Hvaða hlutverki gegna þeir?

9. Hvert er helsta hreyfiafl sögunnar að þínu mati?

10. Hvaða frásagnaraðferð notar höfundur og hvernig nær hann samúð lesandans? Athugaðu í því sambandi að hve miklu leyti vitundarmiðja sögunnar er bundin við Korku og hvaða aðrar persónur eru í vitundarmiðju þegar Korka víkur af sjónarsviðinu.

11. Sagan gerist á þjóðveldisöld. Um hvaða leyti gerist hún og hvað er innri tími hennar langur?

12. Gerðu grein fyrir umhverfi sögunnar. Hver eru helstu einkenni þeirra staða sem Korka kemur á? Athugaðu bæði landfræðilegar aðstæður og félagslegar.

13. a) Gerðu grein fyrir byggingu sögunnar (sagnanna) í heild. Hvað markar helst kafla og þáttaskil? Athugaðu einnig byggingu hvers þáttar fyrir sig.

b) Settu þig í spor kvikmyndagerðarmanns og athugaðu hvað þú þarft að skoða í sögunni til að gera efnisyfirlit kvikmyndahandrits. (Gott hjálpartæki er bókin *Screenplay - The Foundations of Screenwriting* eftir Syd Field (1994. A Dell Trade Paperback) en framhaldsskólanemar hafa notað hana við gerð stuttmynda.)

14. Persónur sögunnar eru margar. Flokkaðu þær í aðal- og aukapersónur. Hvað einkennir persónulýsingarnar? Athugaðu í þessu sambandi það sem sagt er um beinar og óbeinar persónulýsingar í bókum Njarðar P. Njarðvík, *Eðlisþættir skáldsögunnar* og *Saga leikrit ljóð* eða öðrum hliðstæðum ritum.

15. Hvaða helstu minni birtast í sögunni?

Nokkrar heimildir Vilborgar Davíðsdóttur vegna bókarinnar *Við Urðarbrunn*

Eddukvæði
Heimskringla I
Edda Snorra Sturlusonar
Landnámabók Íslands
Irish Folk and Fairy Tales - timeless stories of magic and enchantment
Vikingarnir (útg. 67 höf. m.a. Kristján Eldjárn)
The Vikings (J. Brøndsted)
Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal
-Grasnytjar
The Vikings (Ian Heath)
Saga Íslands I
Íslenskir þjóðhættir
Bókin um rúnir (og rúnarit af Háskólabókasafni)
Gullöld Íslendinga (Jón Aðils)
Hvísla að klettinum (ljoð og jojk úr fórum Sama - Einar Bragi)
Heiðinn siður á Íslandi
Íslendingasögur og nútíminn (Ólafur Briem)
The First Seven Dukes of Normandy
Notkun rúnaleturs á Íslandi frá landnámsöld og fram á 12. öld
- Saga tímarit Sögufélagsins 1952
Upphaf Íslandsbyggðar (Skírnir 1965 - Hermann Pálsson)
Rúnavísur frá Björgvin (Skírnir 1965)

Viðbótarheimildir sem notaðar voru við gerð verkefnabankans:

Hermann Pálsson. MCMLV. *Söngvar frá Suðureyjum*. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri.
Loftur Guðmundsson. 1970. *Lönd og lýðir IX. bindi - Írland*. Bókaútg. Menningarsjóðs, Reykjavík.
MacManus, Seamus. 1990. *The Story of the Irish Race*. The Devin-Adair Company, Connecticut.
Páll Bergþórsson. 1995. "Sigling á víkingaskipum." *Lebók Mbl*. 26.8.
Þórdís Gísladóttir. 1995. "Freyja, óskakvenmaður karla á öllum tímum." *Lebók Mbl*. 19.8.